

**Ed.**

**154. Frumvarp til laga**

[131. mál]

um breytingu á lögum nr. 8 frá 27. febrúar 1976 um flugvallagjald.

(Lagt fyrir Alþingi á 100. löggjafarþingi 1978.)

**1. gr.**

Við löginn bætist nýtt ákvæði, sem verður ákvæði til bráðabirgða, og hljóði svo:  
Á árinu 1979 skal innheimta gjöld skv. 1. mgr. 2. gr. með 100% álagi.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1979.

**Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.**

Flugvallagjald vegna ferða með loftförum innanlands og frá Íslandi til annarra landa hefur verið innheimt frá því í maí 1975, sbr. ákvæði VI. kafla l. nr. 11/1975. Ákvæði þessi voru tímabundin og giltu til-loka febrúar 1976. Gjald vegna utanfarar nam skv. þeim kr. 2 500.00 fyrir hvern mann. Með lögum nr. 8/1976 um flugvallargjald var gjald vegna utanfarar lækkað í kr. 1 500.00 fyrir fullorðna og kr. 750.00 fyrir börn en um leið gert ótímabundið. Þá var með sömu lögum ákveðið að flugvallagjald vegna flugferða innanlands yrði kr. 200.00 fyrir fullorðna farþega en það hafði ýmist verið kr. 350.00 eða kr. 175.00 fyrir fullorðna farþega eftir því hvort um var að ræða ferðir að eða frá Reykjavík eða Keflavíkurflugvelli.

Með 5. gr. l. nr. 77/1977 um skyldusparnað og ráðstafanir í ríkisfjármálum var flugvallagjald af utanlandsflugi hækkað um 100% eða í kr. 3 000.00 fyrir fullorðna og kr. 1 500.00 fyrir börn. Hækjun þessi er tímabundin og gildir til ársloka 1978.

Í fjárlagafrumvarpi fyrir 1979 er gert ráð fyrir óbreyttri innheimtu flugvallagjalds frá því sem verið hefur árið 1978. Tekjur af gjaldinu á árinu 1978 eru taldar verða um 450 m.kr. en skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1979 er áætlað að tekjur ríkissjóðs af flugvallagjaldi verði 470 mkr. Þar sem forsendur fjárlagafrumvarpsins gera ráð fyrir svipuðum tekjum af flugvallagjaldi á árinu 1979 og þær verða á þessu ári er einsýnt að halda verður áfram að innheimta flugvallagjald á sama hátt og verið hefur. Eins og áður sagði þá gildir 5. gr. l. nr. 77/1977 aðeins til næstu áramóta. Af þessum sökum er þetta frumvarp lagt fram, en í því er gert ráð fyrir að áfram verði innheimt sama fjárhæð á árinu 1979 og gert er skv. 5. gr. laga nr. 77/1977 á árinu 1978.